

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 158/2021

frá 23. apríl 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 ⁽¹⁾.
- 2) Upptaka reglugerðar (ESB) 2017/852 er með þeim fyrirvara að viðskipti við þriðju ríki falla utan gildissviðs EES-samningsins og því gilda ákvæði reglugerðarinnar um bann við útflutning og innflutning á kvikasilfri ekki gagnvart EFTA-ríkjunum.
- 3) Reglugerð (ESB) 2017/852 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1102/2008 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 4) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 22a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1102/2008) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„32017 R 0852: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 (Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 6. mgr. 2. gr. koma orðin „8. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „2. mgr. 28. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“.
- b) Í 6. og 7. mgr. 2. gr. er orðunum „eða yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðunum „tollsvæði Sambandsins“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 75.

- c) Í 7. mgr. 2. gr. gilda orðin „annað tollferli en ytra umflutningsferli Sambandsins“ ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- d) Útflutnings- og innflutningstakmarkanirnar í 3., 4. og 5. gr. gilda ekki milli ESB og EFTA-ríkjanna. Er þetta með fyrirvara um um strangari útflutnings- og innflutningsbönn sem eru í gildi í EFTA-ríki á þeim tíma er þessi reglugerð er tekin upp í EES-samninginn. EFTA-ríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til að tryggja að kvikasilfur sé ekki flutt út úr eða flutt inn í Evrópusambandið í gegnum EFTA-ríki.
- e) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 4. mgr. 8. gr.:

„Hafi rekstraraðili tilkynnt lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríki í samræmi við 3. mgr. og EFTA-ríkið telur að skilyrðin sem vísað er til í fyrstu undirgrein 6. mgr. hafi verið uppfyllt skal EFTA-ríkið framsenda tilkynninguna til framkvæmdastjórnarinnar. Viðkomandi EFTA-ríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um tilvik þar sem það telur að skilyrðin sem vísað er til í fyrstu undirgrein 6. mgr. hafi ekki verið uppfyllt.“

- f) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 6. mgr. 8. gr.:

„Framkvæmdargerðir framkvæmdastjórnarinnar, þar sem kemur fram hvort viðkomandi ný vara með viðbættu kvikasilfri eða nýtt framleiðsluferli er leyft, hafa almennt gildi og skulu teknar upp í EES-samninginn.“

- g) Í 1. mgr. 10. gr. orðast „Frá og með 1. janúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin, „Þegar eitt ár er liðið frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

Í 2. mgr. 10. gr. orðast „Frá og með 1. júlí 2018“, að því er varðar EFTA-ríkin, „Þegar sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

Í 3. mgr. 10. gr. orðast „Eigi síðar en 1. júlí 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin, „Þegar 18 mánuðir eru liðnir frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

Í 4. mgr. 10. gr. orðast „Frá 1. janúar 2019“, að því er varðar EFTA-ríkin, „Þegar eitt ár er liðið frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

Í a-lið 4. mgr. 10. gr. orðast „eftir 1. janúar 2018“, að því er varðar EFTA-ríkin, „eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

Í b-lið 4. mgr. 10. gr. orðast „frá 1. janúar 2021“, að því er varðar EFTA-ríkin, „þremur árum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.

- h) Í 1. mgr. 18. gr. orðast „Eigi síðar en 1. janúar 2020“, að því er varðr EFTA-ríkin, „Þegar tvö ár eru liðin frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2021 frá 23. apríl 2021“.
- i) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 18. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/852, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. apríl 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.